

## Breytingar á frumurannsóknum á Ónæmisfræðideild Landspítalans.

Tekið hefur verið í notkun nýtt frumuflæðisjártæki á Ónæmisfræðideild. Um leið verður skipt um aðferð við deilitalningu eitilfruma. Nýja aðferðin gefur sambærilegar niðurstöður og eldri aðferðin. Prófið er IVD vottað og okkur eru gefnar vonir um að það verði IVDR vottað innan tíðar en það er krafa sem verið er að gera á öll „in vitro diagnostic medical devices“ próf til að standast faglegar kröfur skv. Evrópureglugerð (Regulation (EU) 2022/112).

Vegna þessara breytinga þarf að framkvæma prófið innan 24 klst. frá blóðtöku sem þýðir eftirfarandi;

**Ekki verður tekið á móti sýnum fyrir frumurannsóknir á föstudögum eftir kl. 12:00 þar sem þessi próf eru einungis unnin á dagvinnutíma. Til að sýni berist deildinni innan tilskilins tíma þarf að taka þau fyrir kl 10:00 á föstudögum.**


**Sýni sem berast eftir kl 12:00 á föstudögum ónýtast og verða ekki unnin, nema í undantekningartilvikum og þá verður að hafa samráð við deildina fyrir fram.**


Þessum tilmælum er einkum beint til lækna sem senda ambulant sjúklinga af göngudeildum í blóðtökur. Vinsamlegast beinið þeim í blóðtökur fyrir kl 10:00 á föstudögum.

**Viljum ítreka að ef óskað er eftir frumurannsóknum á öðrum sýnategundum en blóði, eða ef gera á virknipróf, þarf að hafa samband við deildina fyrir sýnatöku svo hægt sé að framkvæma prófið innan tímaramma fyrir hvert próf.**

Ef einhverjar spurningar vakna vinsamlegast hafið samband við sérfræðinga ónæmisfræðideildarinnar.

Virðingarfyllst,

  
\_\_\_\_\_  
Inga Skaftadóttir, líffræðingur

  
\_\_\_\_\_  
Sigurveig P. Sigurðardóttir, yfirlæknir